

**Mál nr. 365/2010**

**M  
og  
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 12.1.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 17.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.11.2010.

**Málsatvik.**

M var að hreinsa glermulning undir glertalningarvél í starfsstöð V, vinnuveitanda síns. Var hann að skafa gólfíð við talningarvélina með þvöru og draga saman glerbrot og önnur óhreinindi. Mun M hafa teygt sig undir vélina til að ná glerbrotum þaðan. Er hann dró þvöruna að sér rak hann vísifingur hægri handar í hvassan kant á hlífðarplötu á vélinni. Skarst M illa á fingrinum. M var með vinnuvettlinga á höndunum er slysið varð.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir um orsök slyssins að það megi rekja til þess að M hafi teygt sig vel undir vélina til að ná óhreinindum undan henni, það langt að höndin hafi farið inn undir vélina og fingurinn rekist í neðri brún hlífðarplötunnar. Meðvirkandi orsök sé hvass kanturinn á hlífðarplötunni sem er klippt ryðfrí plata. Gefin voru fyrirmæli um að setja plasthlíf (ádrag) á umræddan kant hlífðarplötunnar svo og á sambærilega kanta á öðrum vélum á staðnum til að varna því að svona slys geti gerst aftur. Aðstæður á vinnustaðnum voru sagðar góðar og ekki voru gerðar athugasemdir við þær.

M hefur krafist bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Umrædd glertalningarvél mun hafa verið ný eða nýleg þegar slysið varð. Vélin var CE-merkt og henni fylgdu ekki hlífur til að setja á brúnir hlífðarplötunnar. Fyrirsvarsmenn V eða aðrir starfsmenn fyrirtækisins munu ekki hafa vitað af hinum hvössu brúnum plötunnar. Samkvæmt þessu telst ósannað að fyrirsvarsmenn V hafi vitað eða mátt vita hversu varasamar brúnir plötunnar voru. Þá verður heldur ekki séð að slysið verði rakið til þess að ekki hafi verið gætt fyrirmæla samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum né heldur að slysið verði rakið til annarra atvika sem V ber ábyrgð á. Að svo vöxnu telst líkamstjón M ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 21. desember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.